

Neyðarlínan ohf
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2020
UST202010-029/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda vegna lagningar ljósleiðara innan náttúruvættisins Dynjanda

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Neyðarlínunar ohf., dagsett 3. október 2020, um leyfi til lagningar ljósleiðara innan náttúruvættisins Dynjanda.

Dynjandi er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 348/1971. Mannvirkjagerð og jarðrask og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun getur skv. 4. gr. friðlýsingarskilmála svæðisins sett reglur um aðgang almennings að svæðinu og dvöl þar.

Lýsing verkefnis:

Óskað er eftir leyfi til að plægja ljósleiðara í jörðu frá spennu við veg fyrir botn Dynjandisvogar að þjónustuhúsi við Dynjanda. Jarðstrengurinn verður plægður meðfram áður lögðum rafstreng. Fyrirhuguð leið ljósleiðarans er sýnd korti sem fylgdi með umsókn. Fara þarf með eitt vélknúið farartæki eftir lagnaleiðinni til að plægja strenginn niður. Að framkvæmdinni koma 3 starfsmenn og er áætlað að verkið taki tæplega eina viku. Ráðgert er að vinna verkið í október 2020.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins og gesti þess. Farið verður um áður raskað svæði og fáir gestir á svæðinu á þessum tíma árs. Til þess að minnka áhrif framkvæmdarinnar er mikilvægt að farið sé eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfinu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Neyðarlínunni ohf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu ljósleiðara innan náttúruvættisins Dynjanda sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 25. nóvemberber 2020 til 30. júní 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Samráð skal haft við Umhverfisstofnun um þá leið sem ljósleiðarinn verður lagður.

- Einungis skal aka vélknúna ökutækinu sem sér um plæginguna að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Öll vinnutæki þurfa að vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðið, til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.
- Tryggja skal að plógurinn skeri bara svörðin en kuðli honum ekki saman þar sem farið er yfir gróðurlendi
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Þar sem farið verður undir plastgrindur á snúningsstæði í fjörunni er mikilvægt að gengið verði frá svæðinu að framkvæmd lokinni eins og komið var að því að því þegar framkvæmdir hófust.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Framkvæmdir skulu fara fram utan varptíma fugla.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Elín Björg Ragnarsdóttir
sviðsstjóri

Edda Kristín Eiríksdóttir
sérfræðingur